

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 272/1986. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Þorgeiri Þorgeirssyni**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var með stefnu 30. september 1986 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Skipaður verjandi ákærða krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá útgáfu ákæru 13. ágúst 1985 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu.

Af hálfu ákærvalds er ómerkingarkröfunni mótmælt.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Verknaðarlýsing í ákæru og heimfærsla verknaðar til refsíákvæðis fullnægir skilyrðum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976.

Ómerkingarkrafan er í fyrsta lagi byggð á því að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, hafi starfað sem fulltrúi ríkissaksóknara á þeim tíma er rannsókn máls þessa stóð yfir og um það var fjallað við embætti ríkissaksóknara. Hafi hann því verið vanhæfur til að fara með málið og dæma það. Þar sem ekki er fram komið að sakadómarinn hafi þá haft nein afskipti af málinu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Þá er ómerkingarkrafan einnig byggð á sömu sjónarmiðum og fram komu í sakadómi 24. september 1985 og verjandi ákærða þar gerði grein fyrir með svofelldri bókun:

„Verjandi ákærða vísar til þess að fulltrúi ákærvaldsins er ekki viðstaddur þetta réttarhald og hefur ekki verið viðstaddur fyrri réttarhöld í máli þessu. Einnig er vísað til þess, að dómarinn hefur

upplýst að ábending ákærða um að í ákæru fælust brot gegn ákv. 4. gr. höfundarlaga nr. 73, 1972, hefur ekki komist til vitundar ákæruvaldsins. Með vísun til ákv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 74, 1974 svo og með vísun til ákv. 1. mgr. 1. tl. 36. gr. er talið af hálfu ákærða að það brjóti gegn lögum að einn og sami maður fari bæði með störf dómara og ákæruvalds í sama máli. Með vísan til þess að ekki hefur verið fallist á að breyta þessu fyrirkomulagi, er gerð krafa um að dómariinn víki sæti í málinu.“

Héraðsdómari synjaði framangreindri kröfu með úrskurði sem ríkissaksóknari heimilaði ekki að væri kærður til Hæstaréttar, sbr. 1. tl. 171. greinar laga nr. 74/1974. Er ekkert komið fram um að meðferð málsins, sem ekki sætti sókn og vörn samkvæmt 130. gr. nefndra laga, hafi verið með þeim hætti að valdið hafi vanhæfi dómarans eða leiða eigi til ómerkingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða og heimfærslu til refsíákvæðis. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur. Eru fjárhæðir þessar dæmdar án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gauks Jörundssonar settis hæstaréttardómara.

Í málum, sem höfðuð eru til refsingar fyrir ærumeiðandi ummæli, ber að marka skýrt og ótvírætt, hvaða aðila slík ummæli eru talin meiða. Er það nauðsynlegt vegna varnar ákærða og þess

vandasama úrlausnarefnis, hvaða takmörk sé óhjákvæmilegt að setja umræðu um almenn málefni í þessu tilliti.

Í inngangi ákæruskjals í máli þessu er að því vikið, að málið sé höfðað „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna“, og síðan segir í III. kafla ákæru, að þær ærumeiðandi aðdróttanir, sem um sé að ræða, beinist „að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur“. Verður að skilja ákæru svo, að brot beinist að lögreglumönnum í Reykjavík almennt.

Þótt fallast megi á, að ummæli þau, sem í ákæru greinir, séu harðyrkt og hafi út af fyrir sig ekki verið réttlætt, tel ég miðað við þann grundvöll, sem samkvæmt framansögðu hefur verið markaður í ákæru, að ekki séu skilyrði til að refsa ákærða fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra verður með hliðsjón af grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 16. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345/1986: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 3. sama mándar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. ágúst sl. á hendur Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfund, til heimilis að Bókhlöðustíg 6 B í Reykjavík, fæddum 30. apríl 1933 í Hafnarfirði, „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna í tveimur greinum í Morgunblaðinu. Fyrri greinin bar aðalfyrirsögnina „Hugum nú að“ og undirfyrirsögnina „Opíð bréf til Jóns Helgasonar, dómsmálaráðherra“ og birtist hún 7. desember 1983. Seinni greinin bar fyrirsögnina „Neyttu á meðan á nefinu stendur...“ og birtist hún 20. sama mánaðar og ár.

I.

Í fyrri greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 3. mgr.: „einkennisklædd villidýr“.
2. Í 6. mgr.: „einkennisklæddu villidýra“.
3. Í 11. mgr.: „Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun

hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: Þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.“

4. Í 12. mgr.: „Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir aftur á vitsmunastig bernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér eins og hverjum öðrum uppspuna.“

5. Í 13. mgr.: „fórnardýr lögregluhrottanna“.

6. Í 15. mgr.: „...að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brengl-aða tilfinningalífi...“

II.

Í seinni greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 46. gr.: „Aðfarirnar lýstu svo mæta vel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrogð, falsanir, lögbrot, hindurviti, flaustur og ráðleysi.“

III.

Framangreindar ærumeiðandi aðdróttanir, sem beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögreglulíði Reykjavíkur, þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Hinn 7. desember 1983 birtist í Morgunblaðinu grein eftir ákærða undir fyrirsögninni „Hugum nú að. Ópið bréf til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra.“ Er þar tekið til umfjöllunar svonefnt „Skaftamál“ og í því sambandi meðal annars margvíslegt ofbeldi og meiðingar sem höfundur telur að lögreglumenn beiti fólk í löggæslustörfum og krefst þess að fram fari opinber rannsókn þessara mála. Í greininni stendur meðal annars:

„Okkur líkar ekki að sjá hvernig löggæslumenn hafa leikið þennan bráðmyndarlega pilt að ósekju, því hann segist bara hafa verið að leita að frakkanum sínum í fatahengi þegar einkennisklædd villidýr fyrrnefnds myrkviðar réðust að honum.“

Í mínum huga er mál Skafta bara smámál, en það hefur af fyrrgreindum

ástæðum fengið verulega umfjöllun og athygli svo mér þykir rétt að nota það til að benda þér nú á það að vandamálið er miklu stærra og ógnvænlegra.

Mál Skafta er svosem einsog toppurinn á ísjakanum sem við höfum komið auga á þegar kastljósi dagblaðanna er beint að þessu. Niðrí koll-dimmum þagnarsjónum biður hins vegar nífalt stærri hluti af vandamálinu.

Um þann hlutann langar mig til að ræða við þig úr því þú ert nú dóms-málaráðherra og þar með æðsti yfirmaður þeirra einkenniskæddu villidýra sem kæðast, ekki mjög þófamjúk, um frumskóga næturlífsins hér um slóðir.

Nú vil ég enganveginn fara að gera lítið úr raunum þessa pilts né þeim sársauka sem hann þoldi að ófyrirsynju. Hinu er þó ekki að leyna að Skafti mun ná sér, marblettirnir á honum verða smámsaman fjólubláir síðan brúnir og hverfa loks. Hann snýr til vinnu sinnar á Tímanum og smám-saman fennir þetta atvik á kaf í orrahríð dagsins.

Nema við notum það til að skoða vandamálið í heild sinni. Fyrir nokkr-um árum þurfti ég að dvelja fáeinar vikur á handlækningadeild Borgar-spítalans. Þá lá þar á sama gangi maður á þrítugsaldri, hið gjörfílegasta ungmenni í alla staði. Viðkunnanlegur piltur. Ástandi hans var á hinn bóg-inn svo varið að hann gat varla hreyft nokkurn líkamspart nema augun. Lesið gat hann bók með sérstökum útbúnaði ef einhver var til að fletta blaðsíðunum fyrir hann.

Mér skildist að batavon hans væri harla lítil.

Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvara-laust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.

Myndin af þessum lemstraða pilti fylgdi mér svo einhvernveginn útaf spítalanum og ég var þaðanífrá sitalandi um þetta fyrirbæri. Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir afturá vitsmunastig frumbersku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér einsog hverjum öðrum uppspuna. Annað er það sem fylgir þessum sögum eins og hardneskjan heimskunni, og það er sú fullyrðing að tilgangslaust sé með öllu að hefja mál út af þvílíkum tilvikum. Þau fari bara í rannsókn hjá annari lögregludeild þar sem sitji einvalalið og líti á það sem konunglega skyldu sína að hvítþvo kollegana.

Þessvegna liggja fórnardýr lögregluhrottanna úti vonleysinu og þurft

getur að biða árum saman eftir tækifæri til að ræða málefni þeirra af nokkur viti.

Nú er kannski eitt af þessum sjaldgæfu tækifærum. Þessvegna er ég að skrifa þér bréfið atarna.

Mér sýnist harla augljóst að hér sé verulega pottur brotinn í sjálfu því kerfi sem yfirmenn þess virðast hafa brenglaða réttlætisvitund og misnota aðstöðu sína til þess að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi — það virðist einu gilda hver fyrir verður. Mér sýnist lögreglustjórinn í Reykjavík meiraðsegja þónokkuð borubrattur þegar hann neitar að víkja barsmiðamönnum sínum úr starfi meðan á rannsókn Skaftamálsins stefndur. Virðist harla öruggur með sig þó skjólstæðingur framsóknar eigi í hlut. Við sjáum hvað setur.“

Samkvæmt gögnum málsins var ákærði til lækninga á Borgarspítalanum 19. júní til 11. júlí 1978. Á þessum tíma lá þar einnig Trausti Elliðason, fæddur 26. nóvember 1955, sem lamast hafði í öllum útlimum eftir líkamsárás kunningja Trausta, Guðmundar Sigurðar Ingimarssonar vélstjóra. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af Trausta Elliðasyni sem teknar voru á Borgarspítalanum 13. maí 1978, daginn eftir árásina. Hefur ákærði fullyrt að Trausti sé ekki sá piltur sem ákærði greinir frá í fyrri Morgunblaðsgreininni, enda hafi „geislað“ af píltingum „feigðin“ þegar ákærði sá hann á spítalanum.

Myndbandsupptaka af sjónvarpshættinum „Skiptar skoðanir“, sem sýndur var 13. desember 1983 liggur frammi í málinu.

Þáttur þessi var undir stjórn Guðjóns Einarssonar fréttamanns. Þátttakendur voru þeir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jónas Kristjánsson ritstjóri, Einar Bjarnason lögregluvarðstjóri og Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn.

Var þar fjallað um lögreglumálefni, samskipti lögreglu og borgara og fyrrnefnt „Skaftamál“. Í lok þáttarins lýsti Einar Bjarnason, lögregluvarðstjóri og formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, því yfir að hann teldi að hægt væri að ómerkja grein ákærða algerlega því að hann hefði yfirlýsingu frá þeim pilti sem ákærði hefði skrifað um í Morgunblaðið. Las lögregluvarðstjórinn yfirlýsinguna. Sagði þar meðal annars: „Það sem Þorgeir segir um mál mitt í grein sinni er rangt frá upphafi til enda“. Töldu þeir lögregluvarðstjórinn og Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn að yfirlýsingin væri frá þeim sem ákærði hefði skrifað um, enda hefði það verið kannað.

Að kröfu verjanda ákærða í bréfi til dómars 11. nóvember sl. var nefndur Einar Bjarnason kvaddur fyrir dóminn. Hann greindi frá því, að yfirlýsingin hefði verið frá ungum fötluðum pilti, Trausta Elliðasyni. Vitnið kvaðst hafa verið búið að fá upplýsingar um sjúkralegutíma ákærða og Trausta og hefði verið talið að ákærði hafi átt við Trausta í greininni. Því

hefði Trausti verið fenginn til þess að gefa yfirlýsinguna. Vitnið greindi einnig frá því að honum væri ekki kunnugt um að nokkur lögreglumaður í Reykjavík hafi í starfi sínu valdið meiðslum, líkum þeim, sem ákærði lýsir í greininni 7. desember 1983.

Hinn 20. sama mánaðar birtist önnur grein eftir ákærða í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Neyttu á meðan á nefinu stendur“ og segir þar meðal annars:

„Þriðjudaginn seinasta, þann 13. desember, var þáttur í sjónvarpinu um lögregluvandamálið. Þar voru tveir spekingar úr Reykjavíkurlögreglunni og þótti mörgum einsog þeir félagarnir léku þarna nokkuð lausum hala.“ Einnig segir:

„Alveg í lok þáttarins brast Einar, sem er formaður Lögreglufélagsins, á með nokkuð skondna uppákomu eftir þónókkud (sic) pískur við Bjarka og skríjál í pappírsgögnum, dró upp skjal og hóf ófagran lestur um undirritaðan lygara og ómerking (samkvæmt vottorði þessu sem lögreglan hafði með einhverjum ráðum fengið óviðkomandi mann til að rita nafn sitt undir).

Mætavel hefði Einar getað komið þessum boðskap sínum á framfæri án þess að brjóta útvarpslögin okkar og hætta þannig bæði starfi sínu og heiðrinum í einu, og hafa margir furðað sig á hegðun mannsins.“ Þá segir höfundur ennfremur:

„Miðvikudaginn 7. desember sl. birtist frá mér bréf í Morgunblaðinu til æðsta yfirvalds dómsmála á Íslandi. Erindi mitt var að biðja um *hlutlausu rannsókn* á lögregluvandamálinu í stað þess að vandamál þetta hefði eftirlit með sér einvörðungu sjálft.“ Þá er sagt:

„Þennan morgun sem bréfið til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra birtist í blaðinu hringdu furðumargir til mín. Meðal þeirra var Guðmundur Hermannsson sem kynti sig yfirlögregluþjón í Reykjavík. Hann vildi fá að vita hvaða *tilfelli* þetta væri sem ég hefði verið að skrifa um. Sagði ég honum sem var að greinin fjallaði ekki um neitt tilfelli heldur um *ástand*. Tilefnin skiptu á hinn bóginn hundruðum minstakosti. Þá spurði Guðmundur hvað hann hétí, pilturinn lamaði sem legið hefði samtímis mér á spítalanum forðum. Ég sagði þá sem var að líklega hefði ég aldrei heyrt nafn hans. Spurði svo hvort lögreglan væri eitthvað að rannsaka þetta. Játti Guðmundur því. Lét ég hann þá vita að það fyndist mér nokkuð djarft eins og á stæði; að lögreglan færi nú enn að rannsaka mál sem hún væri aðili að. Lokaði mér jafnframt gagnvart yfirlögregluþjóninum með alla vitneskju, nema hvað ég lét honum í té dagsetningar varðandi spítalavist mína forðum. Kvöddumst við svo.“ Ennfremur er ritað:

„Liður nú fimtudagur og framan af föstudegi með endalausum símtölum og handaböndum þangaðtil ég kaus að láta mig hverfa til að fá vinnufrið.

Undir kvöld kom ég aftur í ljós og þá lágu fyrir mér skilaboð frá Guðmundi yfirlögregluþjóni um það að ég skyldi lesa blaðsíðu 13 í Morgunblaðinu þá samdægurs og biðjast svo afsökunar á skrifni mínu.

Á blaðsíðu 13 reyndist vera frétt um það að manni einum hefði verið dæmd fjárhæð nokkur í skaðabætur fyrir kjaftshögg í maí 1978. Í þeim dómi var hvergi minst á lögreglubarsmíðar og þess ekki getið hvern starfa barsmíðamaðurinn hefði. Var hann þá lögregluþjónn? Kanski. Greinilega hlaut það að vera skoðun Guðmundar að þetta væri sama málið og ég mintist á í bréfinu. En fjandakornið sem það gæti verið — ekki mundi ég betur en sá piltur dæi skömmu síðar, úr lungnabólgu að því er mig minti. Þetta staðfesti konan þegar hún kom heim skömmu síðar. “Svo segir: „Ég hringdi nú í Guðmund til að fá botn í þessa véfrétt. Hann var þá enganveginn jafn blíður á manninn og fyrir tveim dögum.

— Þér er eins gott að biðjast opinberlega afsökunar, sagði hann. Þarna er komið dæmið, tilfellið sem þú ert að tala um.

Ég setti nú í mig kjark og andmælti honum á þeim forsendum sem fyr eru greindar. Spurði síðan hvaðan honum kæmi þessi vísdómur.

— Frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, segir Guðmundur þá.

Þá var það, trúég, sem undirritaður sagði: — Bittinú! svona rétt á meðan hann var að átta sig. Guðmundur notaði pásuna til að segja að þeir væru búnir að rannsaka þetta.

— Og þú hefur undireins fengið inni með þetta í Morgunblaðinu, segi ég þá til að segja nú eitthvað.

— Maður þarf að verja sig, sagði Guðmundur án þess að svara beinlínis spurningunni. “Síðar í greininni segir:

„Síðan á þriðjudag hafa margir símað til mín það álit sitt að þáttur lögreglunnar í sjónvarpinu hafi verið einsog herfileg þjóðháttalýsing handa eftirkomendum okkar að skoða.

— Verst að þeir skyldu ekki mæta einkennisbúnir í þáttinn, sagði einhver við mig. Aðfarirnar lýstu svo mætavel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

Verjandi ákærða óskaði eftir því í fyrrnefndu bréfi að fenginn yrði „sá starfsmaður dóms- og kirkjumálaembættisins sem þekkir vel til framkvæmdar lögreglumála til að gefa skýrslu um eftirfarandi atriði:

A) Liggja fyrir skýrslur um hve margir menn telja sig hafa slasast við framkvæmd lögreglustarfa á liðnum árum? Annarsvegar lögreglumenn, en hins vegar almennir borgarar. Hverjar eru niðurstöður þessara skýrslna ef þær eru til?

B) Liggja fyrir skýrslur um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt vegna áverka sem lögreglumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum?

C) Hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu lögregluýfirvalda til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða?

D) Hversu mörgum lögreglumönnum hefur verið vikið úr starfi vegna áverka sem þeir hafa valdið öðrum við framkvæmd lögreglustarfa sinna?“

Dómarinn ritaði ráðuneytinu bréf og óskaði eftir því að ráðuneytið svaraði, að svo miklu leyti sem unnt væri, spurningum verjandans í stafliðum A-D. Í svari ráðuneytisins segir:

„3.A. Ekki liggja fyrir upplýsingar um meiðsl er orðið hafa við framkvæmd lögreglustarfa, hvorki á lögreglumönnum né almennum borgurum.

B. Skýrslur liggja heldur ekki fyrir um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt af hendi vegna áverka sem löggæslumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum.

C. Af ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða má einkum nefna að allir lögreglumenn hljóta fræðslu og þjálfun í lögregluskóla ríkisins, þar sem veruleg áhersla er lögð á að lögreglumenn noti við störf sín aðferðir sem valda ekki meiðslum, og ef þörf gerist á valdbeitingu, að þá sé ekki beitt harðari aðgerðum en unnt er að komast af með.

Þá gilda í Reykjavík skriflegar reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði frá 1975, þar sem gefin eru fyrirmæli um meðferð handtekinna manna, geymslufanga o.fl. Reglur þessar fylgja hjálagðar sérprentaðar. Fyrirhugað er að senda inna skamms mjög svipaðar reglur til lögreglustjóra utan Reykjavíkur sem viðmiðunarreglur. Ennfremur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík sett reglur um flutning handtekinna manna í tilkynningu nr. 2/1985, sem fylgir.

Að lokum skulu nefndar reglur sem dómsmálaráðuneytið gaf út 1940 um notkun kylfu, er fylgja hjálagðar.

D) Á liðnum árum hefur einum lögreglumanni verið vikið úr starfi um stundarsakir vegna kæru um notkun kylfu. Er dómur var fallinn í sakadómi Reykjavíkur tók lögreglumaðurinn við starfi sínu að nýju.“

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað báðar blaðagreinarnar. Hann hafi með því að rita þær verið að gegna skyldum rithöfundar við samfélag sitt.

Ákærða var hér fyrir dómi gefinn kostur á að renna stöðum undir þau ummæli hans sem tilfærð eru í ákæru málsins. Hann kvað ummælin vera slitin úr samhengi við annan texta í blaðagreinunum og því hvorki gæti hann né bæri honum nein skylda til þess að gera það. Ummælin væru þar ekki „höfundskapur“ ákærða heldur ákærandans.

Verjandi ákærða, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess í þinghaldi 24. september sl. að dómari málsins viki sæti vegna þess að

ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins. Dómarinn hafnaði kröfu verjandans í úrskurði 25. s.m. og lýsti verjandinn þá yfir kæru til Hæstaréttar. Ríkissaksóknari synjaði um að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar með bréfi dagsettu 26. s.m.

Hinn 30. s.m. ritaði verjandinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem hann óskaði eftir því að skipaður yrði ríkissaksóknari ad hoc til þess að fjalla um það hvort leyfa ætti að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Dómsmálaráðuneytið synjaði beiðni verjandans með bréfi 18. október sl. Ritaði verjandinn alþingismönnum opið bréf 23. október, sem birtist í Morgunblaðinu 25. s.m. þar sem hann bar sig upp undan meðferð málsins hér fyrir dómnum og synjun ráðuneytisins.

Verjandinn ritaði dómranum bréf 28. apríl sl., sem lagt var fram og þingmerkt nr. XXVII í þinghaldi 3. þ.m. Í því segir m.a.:

„Ákærði bað um að lögð yrðu fram vottorð um lestrarkunnáttu dómars og ríkissaksóknarans í málinu og bauðst til að rökstyðja beiðnina, ef óskað yrði eftir.

Dómarinn og ríkissaksóknarinn hlustuðu á ákærða lesa upp beiðnina, en síðan lét dómarinn sem hann hefði ekki heyrt hana né heldur ósk mína sem verjanda um að beiðnin yrði bókuð. Var beiðnin því ekki færð til bókar. Ekki var spurst fyrir um afstöðu ríkissaksóknara til beiðninnar, né heldur rök ákærða fyrir henni. Ekki heldur var sinnt athugasemdum mínum þegar bókun þinghaldsins var lesin upp við lok þess.

Af ákærða er talið að framan greind framkvæmd þín, herra sakadómari, sé óeðlileg og óréttmæt og ólögleg eins og á stóð og staðfesti hún enn frekar en áður réttmæti krafna af hálfu ákærða um að þú vikir sæti sem dómari í málinu.

Hjálagt sendist beiðni umbj. míns í ljósriti og óskast hún lögð fram í málinu ásamt bréfi þessu.“

II. Niðurstöður.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að ummæli þau sem saksótt er fyrir séu slitin úr samhengi í ákæru málsins, þannig að varði við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 og beri því að vísa ákærunni frá dómi.

Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að greina, svo ekki sé villst, hvert sé það brot sem sök er gefin á. Ákvæði þetta er sett til þess að sökunautur, verjandi hans og dómari máls þurfi ekki að vera í vafa um fyrir hvaða háttsemi saksótt er, svo að vörn verði þess vegna ekki áfátt og dómari geti leyst úr sakarefni málsins. Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar í XLIII. bindi dómasafns, bls. 397.

Að áliti dómsins er ákæran nægilega skilmerkileg að þessu leyti.

Þá er því einnig haldið fram að ákærvaldið hafi ekki alltaf sótt þing í málinu og „fallið frá að leggja fram greinargerð í sakadóminum til rökstuðnings ákærunni“. Hafi ákærvaldið þannig hætt við að „fylgja eftir máli sinu“ og beri „því að fella málið niður eða sýkna af þeirri ástæðu einni“. Ennfremur segir um þetta í vörn fyrir ákærða:

„Einnig hefur þetta í för með sér að forsendur skortir fyrir starfi verjanda. Vitneskja hans um möguleg rök ákærvaldsins eftir gagnaöflun fyrir sakadóminum þegar málið er lagt í dóm leggja ekki fyrir (sic). Efnislegar forsendur fyrir rökum verjanda eru því óvissar og er ekki forsvaranlegt eða réttmætt að svara rökum sem hann kann að hafa mjög takmarkaða vitneskju um. Þessi atriði ein sér valda því að vísa ætti málinu frá dómi.“

Ekki verður fallist á að það eigi að leiða til frávisunar málsins eða sýknu ákærða þó að málið sé ekk sótt af hálfu ákærvaldsins, enda verður ekki séð að það eigi að sæta sókn og vörn samkvæmt 131.-136. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða að hann hafi við ritun greinanna tveggja verið að sinna rithöfundarskyldum við samfélag sitt með því að vekja athygli á líkamstjóni á fólki af völdum lögreglunnar, upplýsa um það og óska eftir aðgerðum yfirvalda til þess að koma í veg fyrir það. Slíkar ábendingar veki litla athygli nema þær séu birtar í fjölmiðlum og það dugi þó sjaldnast. Stór orð og stílbrögð virðist einnig vera nauðsynleg eins og rithöfundar viti manna best. Ákærði hafi verið rithöfundur að starfi í mörg ár og notið viðurkenningar stjórnvalda fyrir ritstörf, m.a. með starfslaunum. Hann hafi starfað í skjóli 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segi að ritskoðun og aðrar takmarkanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Nú er það svo að umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar gerir einnig ráð fyrir því að hægt sé að sækja menn til ábyrgðar fyrir ummæli á prenti og hefur það aldrei verið umdeilt í íslenskum rétti. Í lögum eru allmörg ákvæði sem leggja refsingu við því að láta tilteknar hugsanir í ljós á prenti eða viðhafa tiltekin ummæli opinberlega, þ. á m. á prenti. Fyrir utan 108. gr. almennra hegningarlaga má í þessu sambandi nefna 88., 95., 121., 125., 210., 229. og 233. gr. a til 237. gr. sömu laga. Ekki er unnt að líta svo á að ákærði njóti neinna sérréttinda eða ríkara málfrelsis en aðrir vegna starfa síns sem rithöfundur.

Blaðagreinar ákærða birtust undir nafni og hefur hann kannast við að vera höfundur þeirra. Þegar greinarnar birtust í Morgunblaðinu var ákæðri heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 15. gr. laga um prentrétt nr. 57, 1956 ber hann því refsí- og fóbótaábyrgð á efni greinanna.

Ummæli þau sem ákært er fyrir eru í ákæru talin beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur.

Enda þótt 108. gr. almennra hegningarlaga taki, samkvæmt orðanna

hljóðan, til misgerða við einn opinberan starfsmann, tekur hún einnig til þess þegar misgert er við afmarkaðan hóp opinberra starfsmanna, sbr. dóm Hæstaréttar í LIV. bindi dómasafns, bls. 57.

Orðin „einkennisklædd villidýr“ og „einkennisklæddu villidýra“ þykja í því samhengi sem þau birtust vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur. Varða ummælin ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru þessi ummæli talin vera ærumeidandi aðdróttanir. Rétt er þó með hliðsjón af 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að dæma ákærða áfall fyrir birtingu þessara ummæla, enda er þessari háttsemi hans að öðru leyti rétt lýst og ekki verður séð, að vörn hefði átt að verða áfátt af þessum sökum.

Málgreinarnar „Stofufélagar þessa unga manns í næturlífi Reykjavíkur“ og „Þá brá svo við hverjum öðrum uppspuna“ og orðin „fórnardýr lögregluhrottanna“ þykja bæði ein sér og í samhengi við annað í fyrrnefndri blaðagrein ákærða fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna lögregluliðs Reykjavíkur um margar og stórfelldar líkamsárásir á fólk sem gert hafi það örkúmla. Kemur í þessu sambandi til álita 218., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en refsing samkvæmt þeim ákvæðum getur orðið margra ára fangelsisvist.

Aðdróttun ákærða hefur ekki verið réttlætt og hefur ákærði með birtingu þessara ummæla í blaðagreininni unnið sér til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt verður að telja að ummælin „einkennisbúnu óargadýrum“ og lögregluhrottanna“ séu móðgun og skammaryrði í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákæru eru ummæli þessi talin vera ærumeidandi aðdróttun, en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi...“ þykja í samhengi við annað í nefndri blaðagrein vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákærunni eru þau talin vera ærumeidandi aðdróttun en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Málgreinin „Aðfarirnar lýstu svo lögreglu í sjálfsvörn: bolabrogð, falsanir, lögbrot, hindurvítni, flaustur og ráðleysi“ hefur ekki verið réttlætt. Málgreinin þykir að slepptum orðunum „hindurvítni, flaustur og ráðleysi“ fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur um fölsunarbrott og önnur ótilgreind

lögbrot. Koma í því sambandi til álitu ákvæði XIV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga, en brot gegn þeim geta varðað þungri fangelsisrefsingu.

Hefur ákærði með þessum ummælum bakað sér refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ þykja á hinn bóginn vera innan marka leyfilegrar gagnrýni og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árunum 1964 til 1966 fjórum sinnum sektaður með dómsáttum fyrir ölvun á almannaferi og árið 1967 var hann dæmdur í 3.000 króna sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 47. gr. umferðarlaga.

Þegar ákærða verður ákvörðuð hegning verður að hafa hliðsjón af því að í sjónvarpsþættinum, sem áður er vikið að, var af hálfu lögreglumanna tveggja fjallað um fyrri grein hans að honum fjarstöddum. Verður að telja að það hafi verið ótilhýðilegt og þykir mega, með vísan til 4. tl. 74. gr., sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga, virða ákærða þetta til refsilækkunar að því er síðari grein hans varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, en greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Bréf verjanda ákærða, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, á dómskjali nr. XXVII og ummæli í vörn hans í sömu veru, eru móðgandi í garð ríkissaksóknara og dómarans og eru ósamboðin verjandastarfa hans.

Verður ekki komist hjá því að víta verjandann harðlega fyrir þetta og aðrar tilefnislausar málsýfingar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 krónur, en sæti ella varðhaldi í 8 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikan frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.